



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 29. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 48/2007

Samruni Nýafls ehf. og Eignarhaldsfélagsins Nesprýði ehf.

1.

Þann 26. júlí 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um samruna Nýafls ehf. (Nýafli) og Eignarhaldsfélagsins Nesprýði ehf. (Eignarhaldsfélagið Nesprýði). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að starfsemi samrunaaðila og tengdra aðila verði eftir samrunann rekin áfram undir merkjum hvors félags um sig. Þá fylgdi með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 25. júlí 2007, hluthafasamningur Eignarhaldsfélagsins Nesprýði auk ársreikninga samrunaaðila og tengdra aðila fyrir árin 2005 og 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Nýafls á Eignarhaldsfélaginu Nesprýði í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í samrunatilkynningu segir að Nýafli sé eignarhaldsfélag í 100% eigu Íslenskra aðalverktaka hf. (ÍAV). Eignarhaldsfélagið Nesprýði er einnig eignarhaldsfélag en um hluti í tveimur dótturfélögum. Segir í samrunaskrá að félagið eigi 100% hlutfjár í skróðgarðyrkjufyrirtækinu Nesprýði ehf. og einnig 100% hlutfjár í fyrirtækinu Hellur og steinar ehf., sem hefur sérhæft sig í framleiðslu tilbúinnar steinsteypu.

3.

Fram kemur í tilkynningunni að samruninn sé gerður á grundvelli kauptilboðs ÍAV þann 10. maí 2007, í 51% hlutfjár Eignarhaldsfélagsins Nesprýði. Kaupsamningur sé gerður þann 25. júlí 2007 á grundvelli þess tilboðs og samkvæmt honum skuli öll lögskipti á fyrri stigum ÍAV og seljanda hafa sömu þýðingu þrátt fyrir breytta samningsaðild.

4.

Í samrunatilkynningu kemur fram að ÍAV starfi á markaði fyrir allar tegundir mannvirkjagerða og sinni verktöku við hvers konar byggingar, jarðvinnu og gatnagerð. Enn fremur segir að sá markaður nái til landsins alls. Svo segir að

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



skrúðgarðyrkjufyrirtækið Nesprýði ehf. starfi fyrst og fremst á markaði fyrir skrúðgarðyrkju, þ.m.t. lóðafrágang og garðyrkju. Auk þess segir að markaður fyrir skrúðgarðyrkju og yfirborðsfrágang geti einnig náð til landsins alls en Nesprýði hafi aðallega starfað á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður því markaður fyrir alhliða mannvirkjagerð, jarðvinnu, yfirborðsfrágang og skrúðgarðyrkju. Enn fremur kemur það mat samrunaaðila fram að aðeins sé um takmarkaða skörun á milli hlutaðeigandi fyrirtækja að þessu leyti.

Í tilkynningunni er vísað til upplýsinga frá Hagstofu Íslands um heildarveltu vegna byggingarstarfsemi og mannvirkjagerða árin 2004, 2005 og 2006. Segir að samrunaaðilar hafi ekki upplýsingar um heildarveltu á markaði fyrir skrúðgarðyrkju og lóðarfrágang. Að mati samrunaaðila hafa ÍAV með um 6% af heildarveltu markaðarins fyrir byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Á markaði fyrir lóðarfrágang og skrúðgarðyrkju á höfuðborgarsvæðinu auk Suðurnesja sé markaðshlutdeild Nesprýði hverfandi að mati samrunaaðila, þar sem ótal margir smáir keppinautar og einyrkjar séu á þeim markaði.

Samrunaaðilar nefna stærstu keppinauta á markaði fyrir alhliða mannvirkjagerð en þeir séu Ístak hf., Gunnar og Gylfi hf., Atafll hf. og Eykt hf. Þar að auki segir í tilkynningu að erlend verktakafyrirtæki hafi tekið að sér einstök stór verk. Segir að mörg smá fyrirtæki starfi á markaði fyrir skrúðgarðyrkju og hafi verktakafyrirtæki eins og Magni ehf., Heimir og Þorgeir ehf. og Ásberg ehf. unnið að yfirborðsfrágangi.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup Nýafis á Eignarhaldsfélaginu Nesprýði flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við jarðvinnu og lóðafrágang. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Nýafis á Eignarhaldsfélaginu Nesprýði á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 25. júlí 2007, keypti Nýafl ehf. 51% hlutafjár Eignarhaldsfélagsins Nesprýði ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. Samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson